

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 6. APRÍL 2018

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar
4. Breytingar á samþykktum
5. Kjör stjórnar félagsins
6. Kjör endurskoðunarfélags
7. Starfskjarastefna félagsins
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál

Nánar um einstaka dagkrárliði og tillögur sem liggja fyrir fundinum.

1. Þórána Jónsdóttir, formaður stjórnar, flytur skýrslu stjórnar.
2. Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri, gerir grein fyrir helstu liðum ársreiknings sem lagður er fram til samþykktar.
3. Stjórn gerir tillögu um að greiddur verði 600 milljón króna arður til hluthafa. Arðgreiðsla fari fram innan mánaðar frá aðalfundi og miðist við hlutafjareign hluthafa í lok dags þann 6. apríl 2018.
4. Gerð er tillaga um 14. gr. samþykpta félagsins verði þrjár málsgreinar sem orðast svo:

14. gr.

„Stjórn félagsins skal skipuð eigi færri en fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum til eins árs í senn. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega en stjórnarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Stjórn kys varaformann. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

Láti formaður stjórnar af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur skal stjórn hlutast til um að boðað sé til hluthafafundar við fyrsta hentugleika þar sem kjörinn verður nýr formaður. Uns það kjör hefur farið fram skal varaformaður stjórnar gegna hlutverki formanns stjórnar.“

Með breytingartillögunni er lagt til að skýrt verði kveðið á um að stjórn kjósi sér varaformann og hvernig skuli bregðast við ef formaður stjórnar lætur af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur.

5. Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þórunna Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns
Guðjón Valgeir Ragnarsson, í framboði sem meðstjórnandi
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, í framboði sem meðstjórnandi
Haraldur Flosi Tryggvason, í framboði sem meðstjórnandi
Magnús Magnússon, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmenn eru:

Einar Kristján Jónsson
Erna Eiríksdóttir

6. Stjórn Landsbréfa leggur til að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.
7. Stjórn Landsbréfa leggur til að starfskjarastefna sú sem liggur fyrir fundinum verði samþykkt. Stefnan er óbreytt milli ára.
8. Gerð er svohljóðandi um tillaga um þóknun til stjórnarmanna:

„Þóknun til stjórnarmanna Landsbréfa hf. skal vera 220.000 kr. á mánuði og mánaðarleg þóknun stjórnarformanns skal vera tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 55.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna og varaformaður stjórnar skal fá 55.000 kr. fyrir hvern fund sem hann stýrir. Fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal greidd föst árleg þóknun til nefndarmanna, sem skal vera 200.000 kr. fyrir setu í endurskoðunarnefnd og 100.000 kr. fyrir setu í starfskjaranefnd og 50.000 kr. skulu greiddar aukalega til formanna undirnefnda stjórnar.

9. Önnur mál